

# TÓNLIST HANDAN RITUNAR

## Dráinn Hjálmarsson

*Pistill sem saminn var fyrir útvarpsþáttinn Víðsjá á Rás 1 haustið 2022.*

*„Um daginn stóð ég mig að því að svara, aðspurður, á þessa leið: „Þessa dagana er ég eingöngu að skrifa hljóðfæratónlist.“ Fullyrðingin er röng á marga vegu. Við skrifum ekki tónlist fyrir hljóðfæri, heldur fólk, tónlistarfólk sem leikur tónlistina af fágæðri fimi og aga í gegnum hreyfingar lima, andardráttar og raddar.*

*Tónlist er ekkert annað en mannleg samskipti með hljóðum.“<sup>1</sup>*

Hér hljóðaði tilvísun úr bók enska tónskáldsins Frank Denyer, *In the margins of compositions*, á spássíu tónsmíðanna. Frank vísar hér í algengt viðhorf í heimi samtímatónlistar, þar sem tónskáld sem og flytjendur hafa tekið kortið af landinu fyrir landið sjálft. Það er að segja, lítið svo á að hlutgerving tónlistarinnar í formi nótna og hljóðfæra sé tónlistin sjálf. En þegar allt kemur til alls, er tónlistin ofin úr óefniskennendum heimi hljóðanna og fólgin í athöfninni að koma saman, hlusta saman, leika saman og njóta saman. Tónlist er fyrst og fremst mannleg samskipti sem fram fer í gegnum hljóðin.

Akademískt tónlistarnám innan vestrænnar tónlistararfleifðar leggur ríka áherslu á nýtingu nótnaskriftar og fer mikill hluti námsins fram á forsendum nótnaskriftar. Nótnaskrift er án efa einn af stærri áhrifaþáttum á þróun vestrænnar tónlistar, enda í gegnum skriftina möguleiki á að samþætta flókinn vef hljóða bæði í tíma og rúmi. Nótnaskriftin setur tónlistinni bæði hugmyndaleg mörk sem og veitir okkur nýja sýn á þennan óefniskennnda heim hljóðanna. Til dæmis hvernig hún getur breytt nálgun okkar á flæði tímans, þar sem henni tekst að hlutbinda tímann og gera okkur kleift að vinna með tímann á hlutbundinn hátt. En hún hefur einnig lengi vel einfaldað sýn okkar á hljóðin og smættað niður í tóna og hlutbundið listaverkið við skriftina. Hlutbinding tónlistarinnar við skriftina hefur gert tónskáldið að eina höfundu tónlistarinnar og þrengt að skáldskaparrými flytjenda, þar sem túlkunin þarf að vera bókstafleg, því annars myndum við ætla að tónlistin myndi riða til falls ef hún væri ekki sú sama og á blaðinu.

Deir sem hafa farið í gegnum tónlistarnám á forsendum nótnaskriftar hafa án efa litast af nokkrum af þeim ofangreindu hugmyndum sem má rekja til nótnaskriftarinnar. Það er kannski helst að í gegnum nótnaskriftina nálgumst við tónlistina sem forskrift, þ.e.a.s. fyrirfram mótaður efnisheimur sem rennur fram af blaðinu. Hvort heldur sem tónlistin er skrifuð út niður í smæstu smáatriði eða opin allt fram að augnabliki flutningsins, þá er áhersla og þungi á upplestur tónlistarinnar og þar af leiðandi tekur lítið mið af umhverfi sínu hverju sinni.

Á síðustu misserum hefur verið áhugavert að fylgjast með höfundum og flytjendum, sem eiga bakgrunn í formlegu akademísku námi, sækja á mið náins samstarfs og tónlistarsköpunar þar sem sneitt er framhá nýtingu nótnaskriftar. Tónlist sem ofin er úr samtali milli höfundar og flytjanda, sækir efnivið sinn í bakgrunn beggja og tekur breytingum í hvert sinn sem komið er að henni. Hefur þessi nálgun gengið undir ólíkum hugtökum á borð við lifandi skor, eða á ensku living score, en einnig post-notational practice, sem vandasamara er að þýða, en mætti kalla aðferðafræði handan nótnaskriftar. Aðferðafræðin er ekki forbundin heldur verður til úr hverju samstarfi fyrir sig, en óhætt er að fullyrða að ætlunin sé að finna leiðir til þess að móta og skapa tónlist út frá huglægari nálgunum, sem dæmi hvernig hlustun og viðbragð getur mótað tónlistina í augnabliki flutningsins. Einnig er ætlunin að losna undan ægivaldi forskriftarinnar og þeirri hugsun að tónlist almennt eigi sína fast skorðuðu lokamynd, að tónlist sé ekki annað hvort samin eða spuni, heldur eigi sínar fljótandi útlínur.

Einn af helstu áhrifavöldunum í þessum efnum er án efa franska tónskáldið Éliane Radigue, sem hefur allt frá aldamótum samið í hátt á þriðja tug einleiksverka fyrir ólíka flytjendur innan verkaröðarinnar OCCAM, en verkin eru öll samin í gegnum náíð samtal og samstarf Éliane við hvern og einn flytjanda.

Mest allan sinn feril, allt frá 6. áratugnum, hafði Éliane starfað ein að sinni tónlist og unnið með tónbönd og hljóðgervla beint inn á upptöku. Upp úr aldamótum hóf hún að starfa með flytjendum að sinni tónlist og fór þá leið að byggja nálgun sína á nánú samtali við hvern og einn flytjanda, þar sem samtalið hverfist um að kanna hljóð og hlustun og ekki síst byggja á reynsluheimi og nálgun hvers og eins flytjenda fyrir sig.

Í tónlist Éliane er hlustunin veigamikill þáttur og mætti að orði komast að tónlist hennar miðli hlustun og upplifun, fremur en að vera frásögn í hljóðum. Það er því rökrétt nálgun hjá Éliane að fara þessa leið í samstarfi sínu við flytjendur.

Verkin í fyrrnefndri verkaröð, OCCAM, deila að grunni til þremur sameiginlegum hugmyndum. Sú fyrsta er áminningin um að heyrnlegi heimur hljóðbylgna er eingöngu lítið brot af öllu rófi bylgna í alheiminum. Önnur hugmyndin er að nálgast hlutina út frá reglunni sem kallast rakhnífur Okkams, þar sem einfaldari leiðin sé ávallt sú besta. Loks er þriðja hugmyndin huglæg tenging og minning hvers og eins flytjanda við vatn sem formar verkið. Við getum, sem dæmi, ímyndað okkur lækjarkvísl sem verður að stórflyjóti, foss sem rennur út í jökulá eða dvöl á opnu úthafi, þá skapar þessi tenging flytjandanum huglægt form verksins. Upp frá þessum grunni hleðst samtal Éliane og hvers flytjanda fyrir sig og verkin taka breytingum með tíð og tíma, með flytjandanum.

Einleiksverkin mega svo flytjendur sameina og aðlaga þar sem til verða nýjar útfærslur sem hljóta ýmist nöfnin OCCAM Delta, OCCAM River, OCCAM Hepta, OCCAM Hexa eða OCCAM Ocean, allt eftir fjölda flytjenda hverju sinni. Þannig myndar verkaröðin lifandi samtal og vistkerfi hugmynda á meðal stór hóps flytjenda og forvitnilegt er að fylgjast með þessu vistkerfi dafna og þróast og takast á við tímans tönn.

Éliane hefur með þessari verkaröð tekist að beina sjónum okkar að því hvernig lifandi og skapandi samtal getur verið gjaldgeng nálgun í sköpunarferli tónlistar. Hvernig það eitt að skapa hlustun getur verið lifandi hluti af sköpunarferli tónlistarinnar og hvernig tónlist þurfi ekki að eiga sína fast skorðuðu mynd, verið staðbundin í bæði tíma og rúmi.

Samstarfsaðilar Éliane hafa lýst því hvernig samstarf þeirra við hana hefur haft djúpstæð áhrif á þeirra listsköpun og nálgun á tónlist almennt. 26. tölublað tímaritsins Sound American er tileinkað verkaröðinni OCCAM og má þar finna viðtöl við nokkura af þeim flytjendum sem starfað hafa með Éliane. Við skulum leyfa víóluleikaranum Juliu Eckhardt að hafa lokaorðið, þar sem hún lýsir samstarfi hennar við Éliane við gerð verksins OCCAM IV:

*„Ég lærði að beina hlustun minni að þeim þáttum hljóðsins sem tónlist Éliane er ofin úr, yfirtónum, samslætti tóna og fleira. Þættir sem allt eru hluti af hljóðinu sjálfu, en ég hafði í gegnum mitt tónlistarnám lært að væru óæskilegir og þyrfti að varast. Ég held að þetta sé upplifun sem allir samstarfsaðilar Éliane hafa upplifað, að uppgötva heim innan hljóðsins sem við vissum ekki af. Að auki hafði þetta áhrif á samband mitt við tímann og loks á hugmyndir mínar um hvað tónlist ætti að vera eða gera. Tónlistin væri ávallt til staðar og það þarf ekki svo mikla áreynslu við að draga hana fram í sviðsljósið.“<sup>2</sup>*

1 Denyer, Frank. 2019. *In the margins of compositions*. Vision edition, London. Bls. 109

2 Wooley, Nate. 2021. The Music is simply there. *Sound American: The occam ocean issue*. 26:52